

15. gr.

Hugsanleg vafaatriði varðandi fjölda sorpskápa úrskurðar heilbrigðisnefnd.

16. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að kr. 100 000.00 nema þyngri refsing liggji við að lögum. Með brot á samþykktinni skal farið að hætti opinberra mála.

17. gr.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hríseyjar, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 9. október 1974.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.

S A M Þ Y K K T

um hundahald í Höfðahreppi.

1. gr.

Hundahald er bannað í Höfðahreppi.

2. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að veita einstaklingum búsettum í hreppnum undanþágu til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

- a) Hundurinn skal skráður á skrifstofu hreppsins, og þar fær eigandi hundsins afhenta merkta plötu, sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins.
- b) Árlega skal sveitarsjóði greitt leyfisgjald fyrir þá hunda, sem undanþága er veitt fyrir. Gjaldið sem sveitarstjórn setur fyrir eitt ár í senn, skal renna til þessa að standa straum af kostnaði við eftirlit með hundum í hreppnum, og skal upphæð þess við það miðuð.
- c) Skyld er hundeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu váttryggingafélagi. Við greiðslu árlegs leyfisgjalds skal leggja fram kvittun frá tryggingafélaginu, sem sýni að tryggingin sé í fullu gildi.
- d) Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd með aðila, sem hefur fullt vald yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn í sjúkra- og skólahús, matvöruverslanir eða aðra staði, þar sem matvæli eru um hönd höfð.
- e) Leyfi fyrir einstökum hundum er jafnan háð því, að þeir raski ekki ró íbúa hreppsins og séu hvorki þeim né öðrum, sem um hreppinn fara, til óþæginda.
- f) Hundeiganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum. er hundahald varða (þ. á m. reglum um árlega hreinsun hunda og greiðslu hundaskatts), svo og fyrimælum, sem heilbrigðisnefnd setur.
- g) Skráðum bændum skal heimilt að halda hunda án gjalds og einnig er leyfilegt að skrá viðurkennda veiðihunda án gjalds.

Við brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds skal fjarlægja viðkomandi hund. Skal hundinum komið fyrir, sé um að ræða minni háttar brot í fyrsta skipti. Eigandi hundsins yrði þá að leysa hann þaðan út gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins. Sé um að ræða alvarlegt brot eða ítrekuð brot, afturkallast viðkomandi undanþágu til hundahalds.

Sveitarstjórn er heimilt, hvenær sem er að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll leyfi, telji hún þess þörf.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Höfðahrepps staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 9. október 1974.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING

um friðlýsingu Eldborgar í Hnappadal.

Samkvæmt heimild í 22. gr. laga nr. 47/1971, um náttúruvernd, hefur Náttúruverndarráð ákveðið fyrir sitt leyti að friðlýsa Eldborg í Hnappadal og næsta nágrenni sem **náttúruvætti**.

Mörk hins friðlýsta svæðis eru þessi:

Að austan ræður Borgarlækur. Að sunnan, vestan og norðan hugsast dregnar hornréttar, beinar línur til höfuðátta, hvergi nær rótum Eldborgargíga en 600 m.

Þessar reglur gilda um svæðið:

1. Breytingar á landi, mannvirkjagerð og jarðrask allt er bannað.
2. Gangandi fólk er heimil för um svæðið, en öllum er skylt að sýna varúð, svo að ekki spillist gróður eða minjar. Fólk er hvatt til að fara merktar gönguslóðir í hlíðum gíganna og annars staðar, þar sem það á við.
3. Umferð hvers konar ökutækja er óheimil.
4. Umferð ferðafólks með hross á svæðinu er háð leyfi og beit stranglega bönnuð.
5. Heimilt er að takmarka beit búfjár, ef það þykir nauðsynlegt vegna gróðurs svæðisins. Girðingar skulu settar í samráði við heimamenn.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi Náttúruverndarráðs eða þess, sem fer með umboð ráðsins.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni, og tekur hún gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Í menntamálaráðuneytinu, 10. október 1974.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Knútur Hallsson.